

Félagsmálaráðherra, félagar, góðir gestir.

Ég býð ykkur velkomin til þessa sjöunda ársfundar Alþýðusambands Íslands. Framundan er tveggja daga ströng vinnulota, auk þess sem við munum nota tækifærið og rifja upp gömul og góð kynni.

Á ársfundum stillum við saman strengina, förum yfir það sem hefur verið gert og leggjum línurnar fyrir verkefni framtíðarinnar. Verkefnin framundan eru brýn eins og áður – þrátt fyrir að okkur hafi orðið vel ágengt í mörgu tilliti.

Á ársfundinum fyrir ári fjölluðum við um áhrif hnattvæðingarinnar á stöðu launafólks. Þar komumst við að þeirri niðurstöðu að í hnattvæðingunni væri bæði að finna ógnir og tækifæri og lögðum áherslu á réttláta og ábyrga hnattvæðingu.

Við komumst líka að þeirri niðurstöðu, að bestu viðbrögðin við þeim áskorunum sem hnattvæðingunni fylgja, felast í norræna velferðarkerfinu og vinnumarkaðskerfinu.

Á þessum ársfundi tókum við upp þráðinn þar sem frá var horfið. Við fjöllum um þá framtíðarsýn sem við lítum á sem svar við þeim áskorunum sem í hnattvæðingunni felast og við ræðum praktískar lausnir á ýmsum þeim viðfangsefnum sem við blasa.

Stærsta einstaka verkefnið á allra næstu mánuðum er undirbúningur og gerð kjarasamninga. Undanfarið hafa félög og landssambönd haldið þing og kjaramálaráðstefnur og ég fæ ekki betur séð en það sé mikill og góður samhljómur varðandi þær áherslur sem menn vilja tefla fram. Þar virðist mér einkum tvennt standa upp úr að því er varðar launamálin sjálf.

Fyrir utan réttmæta kröfu um hækkun kaupmáttar er greinilega eindreginn vilji til að hækka lægstu launin umtalsvert. Það hefur verið mikið launaskrið að undanfögnu – en þeir sem sitja helst eftir við þær aðstæður er fólkið á strípuðu töxtunum – fólkið á lægstu laununum.

Hitt verkefnið sem samhljómur er um, er krafan um að færa taxta að greiddu kaupi. Það felur í sér að fá tryggingu fyrir því að þær kjarabætur og ávinningar sem launafólk hefur fengið til viðbótar við það sem samið er um í kjarasamningum, verði ekki tekið af aftur, þegar dregur úr þenslu.

Þetta er jafnframt mikilvægt tæki í baráttunni gegn félagslegum undirboðum. Í því sambandi er krafan um að starfsréttindi séu virt einnig mikilvæg.

Síðan eru væntanlega mörg mál sem við munum setja á oddinn í kröfugerðinni, mál sem við höfum verið með í vinnslu undanfarin misseri og ár og skipta launafólk miklu máli.

Það blasir til dæmis við að verkalýðshreyfingin mun setja fram mjög skýra kröfu um gerð verði hörð atлага að launamun kynjanna. Við hljótum meðal annars að binda vonir við þá stefnumótun sem sett er fram í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í því sambandi.

Nú þegar er hafinn undirbúningur að samstarfi aðila vinnumarkaðarins og opinberra aðila – en gleymum því ekki félagar, að í þessu eins og öðru eru það kjarasamningar sem eru lykill að árangri.

Í undanförunum kjarasamningum höfum við lagt sívaxandi áherslu á menntun launafólks. Ég hef oft haldið því fram að vænlegasta leiðin til að koma fólki af lægstu töxtunum sé að auka menntun þess og þjálfun. Stöðug þróun og breytingar á vinnumarkaði gera þetta sífellt mikilvægara – fyrir einstaklingana sjálfa – en ekki síður fyrir atvinnulífið.

Öflug menntastefna er einn helsti lykillinn að þróttmiklu, framsæknu og samkeppnishæfu atvinnulífi. Hún er þó ekki síður lykillinn að lífsgæðum einstaklinganna, virkri þátttöku þeirra í atvinnulífinu og samfélaginu í heild. Menntakerfi á því að hafa það að markmiði að virkja alla einstaklinga samfélagsins og nýta krafta þeirra.

Við leggjum því áherslu á öfluga grunnmenntun. Ófullkomið menntakerfi hér á landi veldur því að mikill fjöldi fólks á vinnumarkaði hefur ekki næga grunnmenntun og á því erfitt með takast á við breytingar á vinnumarkaði og í atvinnulífinu – ekki síst vegna hnattvæðingarinnar - og nýta sér nýja möguleika sem bjóðast.

Vannýttur mannauður á íslenskum vinnumarkaði þýðir sóun fyrir samfélagið. Það er skylda samfélagsins að tryggja að þessir einstaklingar fái nýtt tækifæri til að afla sér grunnmenntunar og mennta sig til nýrra starfa.

Verkalýðshreyfingin hefur verið forystuafli í uppbyggingu og þróun símenntunar og fullorðinsfræðslu og þess sér stað víða.

Nú er komið að því að taka næsta skref í þessu mikilvæga hagsmunamáli alls launafólks.

Krafa okkar er sú að sett verði lög um fullorðinsfræðslu þar sem réttindi og möguleikar fólks með litla formlega menntun verða tryggðir. Ennfremur verði réttur allra á vinnumarkaði til að sækja endur- og símenntun viðurkenndur.

Í ávarpi sínu á Viku símenntunar fyrir skemmstu lýsti Menntamálaráðherra því yfir, að undirbúningur slíkrar löggjafar sé þegar hafin. Við fögnum því auðvitað.

Um leið leggjum við áherslu á að verkalýðshreyfingin taki þátt í þeim undirbúningi – og síðan hljótum við að ítreka mikilvægi þess að tryggðir verði fjármunir í framkvæmdina.

Í menntamálunum viljum við ennfremur nýjar áherslur í framhaldsskólanum, þar sem markmiðið verði jafnrétti til náms og að öll ungmenni ljúki skilgreindu námi úr framhaldsskóla sem er viðurkennt á vinnumarkaði og viðurkennt til frekara náms.

Þetta felur það ekki síst í sér að framhaldsskólinn verði ein heild – án aðgreiningar í bóknám og verknám.

Þær breytingar og þróun sem er á atvinnuháttum og tækni kalla á meiri fjölbreytni á öllum skólastigum, þar með talið á háskólastigi. Í því sambandi ber að leggja sérstaka áherslu á mikilvægi verk- og tæknimenntunar.

Síðast en ekki síst, þá leggjum við mikla áherslu á samstarf um gagnkvæma viðurkenningu starfsréttinda milli landa. Þar hafa verið stigin mikilvæg skref í Evrópusamstarfinu og mikilvægt að við tökum enn meiri þátt í því starfi.

Félagar

Þær áherslur sem ég hef hér rakið eru fyrsta og mikilvægasta grunnstoðin í þeirri framtíðarsýn sem við getum kallað íslensku útfærsluna á Norræna módelinu. Þær eru hluti af þeirri framtíðarsýn sem við teljum nauðsynlega til að bregðast við hnattvæðingunni.

Þessi framtíðarsýn – norræna velferðarsamfélagið og vinnumarkaðskerfið - er stærsta viðfangsefnið á þessum ársfundi – fyrir utan að ræða komandi kjarasamninga.

Þar er búið a vinna mikla undirbúningsvinnu og afraksturinn af henni er lagður fram hér á ársfundinum til umfjöllunar.

Reynslan kennir okkur að norrænu velferðarsamfélögin - sem eru byggð á grundvallarhugsjónum verkalýðshreyfingarinnar - hafa skapað íbúum sínum mesta almenna velferð og lífsgæði meðal þjóða heims. Þetta eru staðreyndir sem ég held að fáir mótmæli.

En þau eru jafnframt meðal þeirra samfélaga sem eru best búin undir framtíðina og samkeppnina sem fylgir hnattvæðingunni. Og félagar – þau eru ekki einungis best búin undir það að takast á við áskoranir sem fylgja hnattvæðingunni, heldur ekki síður tækifærunum sem henni fylgja.

Um þetta fjölluðum við ítarlega á síðasta ársfundi Alþýðusambandsins fyrir réttu ári síðan. Þess vegna höfum við sagt: Velferðin borgar sig – sama hvernig á það er litið. Einmitt vegna þessa, höfum við lagt mjög mikla áherslu á það í okkar vinnu að treysta stoðir velferðarkerfisins og höfum sagt að með því séum við að búa íslenskt samfélag, launafólk og vinnumarkaðinn í heild - undir framtíðina.

Menntamálin eru fyrsta stoðin – og ég hef farið hér nokkrum orðum um það hvernig við sjáum fyrir okkur íslensku leiðina í þeim efnum.

Önnur meginstoðin í norræna líkaninu er öflugt velferðarkerfi, borið uppi af opinberum aðilum. Það byggir á jöfnuði og jafnrétti, rausnarlegri vernd og áherslu á virkar vinnumarkaðsaðgerðir og traust réttindi sem eru meðal annars tryggð í kjarasamningum.

Íslenska velferðarkerfið er að mörgu leyti frábrugðið þeim sem við þekkjum á hinum Nnorðurlöndunum. Og ég hef haldið því fram að við höfum fjarlægst þau á undanföllum árum.

Við höfum margoft bent á dæmi um hvar kreppir að - og lagt fram tillögur til úrbóta.

Ég nefni húsnæðismálin. Breytingar á húsnæðismarkaði hafa verið miklar og margar þeirra verið lágláunafólki mjög mótdrægar. Ég bendi í því sambandi á afnám félagslega húsnæðiskerfisins og rýrnun vaxtabóta. Húsaleigubætur hafa staðið í stað síðastliðin 7 ár. Ofan á þetta hefur síðan bæst gríðarleg þensla á húsnæðismarkaði.

Nú er svo komið að all margar fjölskyldur eru í miklum vanda og það hefur fjölgað umtalsvert á biðlistum sveitarfélaganna eftir leiguhúsnæði á hagkvæmum kjörum.

Það er talið að meira en 2700 fjölskyldur séu á biðlistum eftir félagslegu leiguhúsnæði. Þar er lítil hreyfing. Það þarf einnig að gera átak í að gera ungu fólki mögulegt að kaupa eða leigja húsnæði. Það þarf að efla og einfalda kerfi húsnæðisbóta. Síðan hljótum við að gera kröfu til þess að sveitarfélögin axli með afgerandi hætti sína ábyrgð gagnvart því fólki sem er á biðlista eftir leiguhúsnæði. Það er ástæða til að fagna því að ráðherra hefur sett í gang vinnu þar sem stefnt er að því að bregðast hratt við þessum vanda.

Við leggjum ríka áherslu á lengingu fæðingarorlofsins, það er eitt stærsta jafnréttismál nútímans.

Ég gæti tínt fleira til í sambandi við velferðarkerfið – til dæmis þróun almannatryggingakerfisins – stöðu öryrkja og ellilífeyrisþega. Í þessu sambandi vil ég jafnframt leggja áherslu á tillögu Velferðanefndar ASÍ fyrir þennan fund um að lágmarksviðmið í velferðarkerfinu verði merkjanlega fyrir ofan skilgreind fátæktarmörk.

Í dag eru framreiknuð fátæktarmörk Hagstofu Íslands um 130.000 kr. og við teljum eðlilegt að viðmið velferðarkerfisins séu nokkuð hærri.

Ég get ekki heldur látið hjá líða að minnast aðeins á tillögur um uppstokkun á réttindakerfi okkar vegna veikinda-, slysa- og örorku.

Þeim er í fyrsta lagi ætlað að tryggja að afkoma launafólks sem lendir í áföllum vegna veikinda eða slysa verði bætt og treyst verulega frá því sem nú er, í allt að 5 ár. Um leið er lagt til að kerfið verði allt einfaldað og gert skilvirkara.

Í annan stað er markmiðið að taka upp fyrirkomulag sem byggir á öflugri ráðgjöf og aðstoð við þá sem lenda í áföllum til að verða sem fyrst aftur virkir þátttakendur á vinnumarkaði.

Síðast en ekki síst er nýju fyrirkomulagi ætlað að efla og styrkja starfsemi sjúkrasjóða stéttarfélaganna og treysta ímynd og vitund launafólks um mikilvægi stéttarfélaganna og starfsemi þeirra.

Þriðja grunnstoðin er síðan leikreglur og samskipti á vinnumarkaði. Undanfarin ár höfum við átt í harðri baráttu gegn félagslegum undirboðum á vinnumarkaði og misnotkun á stöðu útlendinga í því sambandi. Þessa sögu þekkja engir betur en þið – ég hef oft rætt hana og ætla ekki að rekja hana hér.

Þetta mál snýst ekki síst um samskipti og leikreglur á vinnumarkaði. Þar gegna traust samskipti milli aðila vinnumarkaðins og stjórnvalda höfuðmáli. Við höfum ítrekað kallað eftir virku samráði og samþættri stefnu í efnahags, atvinnu, og félagsmálum.

Saman mynda þeir þættir það sem við höfum kallað Sveigjanleika með öryggi. Í stuttu máli er hægt að lýsa því sem kerfi þriggja stoða. Fyrsta stoðin snýst um öflugt menntakerfi. Önnur stoðin er öflugt velferðarkerfi á vinnumarkaði. Það er fyrir alla – allir hópar og einstaklingar eiga að hafa möguleika á að vera virkir á vinnumarkaði. Þriðja grunnstoðin snýr að öflugu kerfi samskipta aðila vinnumarkaðins.

Félagar,

Þó svo við ræðum þessi viðfangsefni – kjaramálin og norræna velferðar- og vinnumarkaðskerfið sitt í hvoru lagi á fundinum – þá er samfellan augljós.

Í kjarasamningum gefast tækifæri til að fylgja eftir þessum áherslum og koma þeim á dagskrá. Síðan er ástæða til að binda vonir við sitt hvað sem hefur verið sagt, gert og skrifað undanfarna mánuði.

Ég er þeirrar skoðunar að það hafi skapast aðstæður í þjóðfélaginu til að hægt sé að stíga stór skref í að koma þessari framtíðarsýn - sem ég hef hér tæpt á - í framkvæmd.

Eftir tímabil græðgi og sérhyggju sem hefur verið ofan á undanfarin ár er að verða ákveðin viðhorfsbreyting í samfélaginu. Við merkjum hana á vettvangi stjórnmalanna, hjá atvinnurekendum og í samfélaginu öllu. Og eins og ég hef nefnt er að finna ýmis jákvæð teikn í stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar.

Ég er því þeirrar skoðunar að nú sé ákveðið tækifæri til að mynda hér breiða samstöðu um nauðsynlegar breytingar á velferðarkerfinu og umfram allt eflingu þess. Þetta er tækifæri sem við eigum ekki – og megum ekki, láta hjá líða. Það hlýtur að vera öllum ljóst - að til að mynda slíka sátt og samstöðu – og til að hrinda verkunum í framkvæmd – verður að hafa víðtækt samráð.

Ágætu félagar

Á fundum sem þessum hef ég jafnan gert mikilvægi samstöðunnar að umtalsefni. Ástæðan er augljós. Samstaðan er lykillinn að árangri okkar í að hrinda í framkvæmd þeim málum sem við höfum ákveðið að setja á oddinn í baráttu okkar.

Ég trúi því og treysti að þessi fundur muni þetta raðirnar enn frekar. Ég trúi því og treysti að hann muni búa okkur undir þau verkefni sem ég hef minnst á og eru framundan í starfi okkar. Þau kristallast í yfirskrift þessa fundar – **Íslensk velferð í fremstu röð**

Félagar!

Sjöundi ársfundur Alþýðusambands Íslands er settur og ég vil biðja Ingibjörgu R. Guðmundsdóttur, varaforseta sambandsins að taka við stjórn fundarins.